

# REGNVARI 40

**REGNVARI 40** er vatnsfæla, vatnstær lausn af mónósílani og síloxani, sem smýgur afar vel inn í öll gljúp, steinrík byggingarefni.

**REGNVARI 40** binst steininum órjúfanlegum efnatengjum og gerir hann þannig mjög varanlega vatnsfælin, án þess að hafa áhrif á rakafloðning í loftkenndu ástandi og truflar því ekki rakaskipti steinsins við umhverfið.



REGNVARI 40 er ætlaður á múr, steinsteypu og önnur steinrík byggingarefni til að koma í veg fyrir vatnsísog þeirra.

**REGNVARI 40** er sérlega áhrifaríkur við að hefta vatnsísog um háráðasprungur.

**REGNVARI 40** gefur yfirborðinu sterk vatnsfráhrindandi áhrif og hentar því þar sem flöturinn á að standa ómálaður. Eigi að mála flötinn er ráðlegt að nota leysiefnaþynnta málningu í fyrstu umferð t.d. STEINVARA 2000 eða STEINAKRÝL.

## Áburður:

Flöturinn skal vera hreinn og þurr áður en hann er baðaður með **REGNVARA 40**. Best er að nota við það sprautu með lágum þrýstingi sem gefur jafna bunu. Þá er sprautað þvert yfir lóðrétta fleti með 20-30 cm millibili. Gjarnan er byrjað neðst og haldið upp til að fylgjast betur með framgangi verksins. Einnig má nota pensil eða rúllu. Gæta skal þess að tilskilið magn fari á flötinn.

## Varúðarflokkur:

1 - 2.

## Hreinsun áhald:

Með MÍNERALTERPENTÍNU. Asetón má nota til að fjarlægja REGNVARA 40 sem hefur þornað, t.d. af rúðum.

## Þurrktími:

Nokkrar mínútur.

## Yfirmálun:

Eftir 1-2 daga; ef undirlagið er mjög blautt er lengri tími ráðlegur.

## Eðlismassi:

Um 0,82 g/ml (25°C).

## Efnisnotkun:

Um 0,20 l/m<sup>2</sup> í umferð, breytilegt eftir gleypni flatar og aðstæðum.

## Hitastig við áburð:

Flöturinn skal vera vel yfir daggarmörkuðum lofti.

